



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LÍFFRÆÐISKOR

Eftirfarandi tillaga var samþykkt einróma á fundi líffræðiskorar raunvísindadeildar Háskóla Íslands 12. október 2007.

Líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands harmar þá afstöðu fulltrúa Íslands í Evrópuráðinu, Guðfinnu Bjarnadóttur, að greiða atkvæði gegn ályktun ráðsins sem varar við því að sköpunarkenningin verði kenni sem vísindagrein í hinu opinbera menntakerfi Evrópulanda. Líffræðiskor beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands að fulltrúi Íslands í Evrópuráðinu verði kallaður heim og að skipt verði um fulltrúa í ráðinu.

Þróunarkenningin hefur stöðu vísindakenningar sem yfirgripsmesta útskýring vísinda á fyrribærum lífsins. Þróunarkenningin hefur staðist strangar prófanir og er grundvallarkennisetning líffræði, raunvísinda og læknisfræði. Stór hluti þekkingar og lykilframfarir í líffræði og læknisfræði byggja á þróunarkenningunni. Þróunarkenningin hefur mikið hagnýtt gildi svo sem í baráttu gegn sjúkdónum og sýklalyfjaónæmi, ónæmi plága við skordýraeidri sem og viðbrögðum fiskistofna við veiðum.

Ýmsir trúarhópar á vesturlöndum reyna nú ákaft að koma sköpunarkenningu að sem vísindum. "Sköpunarkenningin" og "kenning um vitræna hönnun" eru ekki prófanlegar tilgátur og eiga ekkert erindi í umræðu og kennslu í vísindum.

Ólafur S. Andrésson,
formaður líffræðiskorar raunvísindadeildar Háskóla Íslands